

Klappir Grænar Lausnir hf.

Árshlutareikningur samstæðu
30. júní 2019

Klappir Grænar Lausnir hf.
Austurstræti 17
101 Reykjavík

Kt. 630914-1080

Efnisyfirlit

	bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Lykiltölur	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmastjóra

Félagið var stofnað í september 2014 og er tilgangur félagsins þróun og hönnun á hugbúnaði og stjórnþúnaði, þjónusta, ráðgjöf og nauðsynleg starfsemi þessu tengd. Ennfremur rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Árshlutareikningur Klappa Grænna Lausna hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2019 til 30. júní 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess. Gerð er grein fyrir afkomu og eignarhlutum í dótturfélögum í skýringum árshlutareikningsins.

Rekstartekjur samstæðunnar samkvæmt rekstrarreikningi námu 171,5 millj. kr. Tap varð á rekstri samstæðunnar tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2019 að fjárhæð 32,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 599,3 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins nam 471,7 millj. kr. og eigið fé í hlutfalli af heildareignum var 78,7%.

Á árinu sameinaðist Klappir Grænar Lausnir ehf. félaginu Stika ehf. miðaðist samrunin við 1.1.2019 sjá nánar skýringu nr. 20.

Hlutfafé félagsins samkvæmt árshlutareikningi 30. júní 2019 nam um 133,4 millj.kr. þar af eru 7,9 millj. kr. sem eru óútgefnar og tengjast samþykktum samruna félagsins við Stika ehf. en samruninn hefur ekki verið staðfestur formlega. Hlutfafé félagsins skiptist í tvo flokka, A og B flokk, sjá nánar skýringu 17. Á tímabilinu var hlutfafé aukið um 16,9 millj. kr. annars vegar með áðurnefndri sameiningu við Stika ehf. um 7,9 millj. kr. og hins vegar með hækkun hlutfafjár um 9 millj.kr. að nafnverði en heildargreiðsla nam 135 millj kr. Í lok tímabilsins voru hluthafar félagsins 318 talsins og fjölgaði þeim um tvo frá ársbyrjun 2019 og er tekið tillit til þeirra hluthafa sem bættust við við samruna við Stika ehf. Tíu stærstu hluthafarnir voru eftirfarandi í lok júní 2019:

	A hlutir	B hlutir	Atkvæðaréttur
Kvistar eignarhaldsfélag ehf.	48.275.375	18.773.950	96,6%
E-ASK ehf.	0	10.010.000	0,0%
GEVA ehf.	0	9.000.000	0,0%
Sindrandi ehf.	0	5.400.000	0,0%
Pund ehf.	0	5.000.000	0,0%
Tennin ehf.	0	4.400.000	0,0%
Nýsköpunarsjóður Atvinnulífsins	0	3.330.957	0,0%
Eyktarsalir ehf.	200.000	2.845.350	0,4%
STEY ehf.	0	3.000.000	0,0%
Kjalvegur ehf	0	3.000.000	0,0%

Stjórn og framkvæmdastjóri Klappa Grænna Lausna hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. ágúst 2019.

Í stjórn félagsins:

Linda Björk Ólefsdóttir
Sigrún Jónsdóttir
Hildur Jónsdóttir

A.M.

Framkvæmdastjóri:

A.M.

Könnunaráritun óháðs endurskoðenda

Stjórn og hluthafar Klappa Grænna Lausna hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning samstæðu Klappa Grænna Lausna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit og skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árs hlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum*. Könnun árs hlutareiknings felur í sér fyrirsurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árs hlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi árs hlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árs hlutareikningar“.

Reykjavík, 27. ágúst 2019.

KPMG ehf.



Lykiltölur

	2019	2018
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rekstrarreikningur		
Rekstartekjur	171.480.231	124.393.680
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA)	7.937.295	9.591.785
Tap tímabilsins	(32.674.261)	(13.140.712)
Tap í hlutfalli af rekstartekjum	(19,1%)	(10,6%)
Arðsemi eigin fjár	(9,0%)	(5,2%)
EBITDA - hlutfall	4,6%	7,7%
Arðsemi heildareigna	(6,9%)	(3,8%)
	30.6.2019	31.12.2018
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	599.256.091	342.933.946
Eigið fé hluthafa móðurfélags	471.714.175	251.017.766
Skuldir samtals	127.541.916	91.916.180
Eigið fé og skuldir samtals	599.256.091	342.933.946
Veltufjórhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	4,0	4,7
Eiginfjórhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn	78,7%	73,2%
Innra virði hlutfjár - eigið fé / hlutfé	3,5	2,2

Rekstrarreikningur tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2019

	Skýr.	2019 1.1.-30.6.	2018 1.1.-30.6.
Rekstrartekjur			
Þjónustutekjur		110.458.617	83.729.736
Aðrar tekjur	8	61.021.614	40.663.944
		<u>171.480.231</u>	<u>124.393.680</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	9	90.701.497	67.153.462
Annar rekstarkostnaður		72.841.439	47.648.433
		<u>163.542.936</u>	<u>114.801.895</u>
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA)		7.937.295	9.591.785
Afskriftir	11-12 (<u>36.795.395)</u>	<u>(15.241.103)</u>
Rekstrartap	(<u>28.858.100)</u>	<u>(5.649.318)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		373.443	372.844
Vaxtagjöld	(<u>4.189.604)</u>	<u>(2.794.001)</u>
	(<u>3.816.161)</u>	<u>(2.421.157)</u>
Hlutdeild í afkomu dótturfélags		0	(5.070.237)
Tap tímabilsins	16 (<u>32.674.261)</u>	<u>(13.140.712)</u>
Tap skiptist þannig:			
Hluthafar móðurfélags	(30.456.770)	(13.140.712)
Hlutdeild minnihluta	(2.217.491)	0
Tap tímabilsins	16 (<u>32.674.261)</u>	<u>(13.140.712)</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2019

	Skýr.	30.6.2019	31.12.2018
Eignir			
Óefnislegar eignir	11	328.038.357	213.422.358
Rekstrarfjármunir	12	2.000.000	2.342.801
Skatteign	13	21.320.520	0
Fastafjármunir		<u>351.358.877</u>	<u>215.765.159</u>
Viðskiptakröfur		67.464.521	65.970.918
Krafa á tengda aðila	17	0	7.649.970
Aðrar skammtímakröfur	18	94.050.430	49.172.650
Handbært fé		86.382.263	4.375.249
Veltufjármunir		<u>247.897.214</u>	<u>127.168.787</u>
Eignir samtals		<u><u>599.256.091</u></u>	<u><u>342.933.946</u></u>
 Eigið fé			
Hlutfé	15	133.391.378	116.500.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár		403.312.121	228.567.473
Bundið eigið fé		139.455.308	55.673.226
Ójafnað eigið fé		(204.444.632)	(149.722.933)
Eigið fé	16	<u>471.714.175</u>	<u>251.017.766</u>
 Skuldir			
Langtímalán		0	15.000.000
Langtímalán við tengda aðila	17	65.000.000	50.000.000
Langtímaskuldir		<u>65.000.000</u>	<u>65.000.000</u>
Yfirdráttur		3.155.450	0
Viðskiptaskuldir		13.881.306	4.929.005
Aðrar skammtímaskuldir		45.505.160	21.987.175
Skammtímaskuldir		<u>62.541.916</u>	<u>26.916.180</u>
Skuldir samtals		<u><u>127.541.916</u></u>	<u><u>91.916.180</u></u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>599.256.091</u></u>	<u><u>342.933.946</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2019

	Skýr.	2019 1.1.-30.6.	2018 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar			
Tap tímabilsins	16 (32.674.261)	(13.140.712)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	11-12	36.795.395	15.241.103
Hlutdeild í rekstri dótturfélags		0	5.070.237
		<u>4.121.134</u>	<u>7.170.628</u>
		Veltufé (til) frá rekstri	
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(41.106.610)	(33.427.270)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		13.176.209	(13.129.136)
		<u>(27.930.401)</u>	<u>(46.556.406)</u>
		Breytingar rekstrart. eigna og skulda	
		<u>(23.809.267)</u>	<u>(39.385.778)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í óefnislegum eignum	11 (35.663.608)	(12.483.308)
		<u>(35.663.608)</u>	<u>(12.483.308)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé	16	135.000.000	0
Tengdir aðilar breyting		7.032.470	(1.623.116)
Skammtímalán		<u>(552.581)</u>	<u>0</u>
		<u>141.479.889</u>	<u>(1.623.116)</u>
		Fjármögnunarhreyfingar	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé á tímabilinu		82.007.014	(53.492.202)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>4.375.249</u>	<u>70.098.752</u>
Handbært fé í lok tímabilsins		<u>86.382.263</u>	<u>16.606.550</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur Klappir Grænar Lausnir hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, svo og upplýsingar í skýringum. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

2. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Leigutekjur af fastafjármunum eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Afslættir sem eru veittir eru færðir með sama hætti. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem þjónustan er veitt. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Tekjur af verkum í vinnslu eru færðar miðað við verkstöðu þeirra í lok tímabils. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

4. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Viðskiptavild sem myndast annars vegar við kaup á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélagum svarar til mismunar á upphaflegu kaupverði eignarhlutans og hlutdeild í hreinni eign félags á kaupdegi hins vegar og með kaupum á rekstri. Hrein eign innifelur bókfært eigið fé félags, ef við á endurmat bókfærðra eigna og skulda og virði eigna og skulda sem ekki eru bókfærðar í reikningsskilum félagsins. Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Viðskiptavild er færð niður á 10 árum. Aðrar óefnislegar eignir félagsins eru annars vegar hugbúnaðar. Hugbúnaðurinn er færður niður á 5 árum.

5. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar niður um til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

6. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

7. Skatteign

Reiknuð skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýstast.

Skýringar, frh.:

8. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig	2018 1.1.-30.6.	2018 1.1.-30.6.
Skattaávilnun Rannís	45.000.000	23.702.119
Móttæknir styrkir	16.021.614	16.961.825
	<u>61.021.614</u>	<u>40.663.944</u>

9. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	88.765.231	66.584.967
Áfallið orlof breyting	0 (1.713.676)
Launatengd gjöld	22.199.074	14.765.479
Laun og launatengd gjöld samtals	110.964.305	79.636.770
Eignfærður launakostnaður	(20.262.808)	(12.483.308)
Laun og launatengd gjöld gjaldfærð	<u>90.701.497</u>	<u>67.153.462</u>
Fjöldi ársverka á tímabilinu	14	14

10. Tekjuskattur

Tekjufærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Virkt skatthlutfall

	2019 1.1.-30.6.	2018 1.1.-30.6.
Tap fyrir tekjuskatt	(32.674.261)	(13.140.712)
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	(20,0%) 6.534.852	(20,0%) 2.628.142
Óskattskyldar tekjur	27,5% (9.000.000)	36,1% (4.740.424)
Ófrádráttarbær kostnaður	0,0% 0	(7,7%) 1.014.047
Aðrir liðir	(7,5%) 2.465.148	(8,4%) 1.098.234
Virkur tekjuskattur	<u>(0,0%) 0</u>	<u>0,0% 0</u>

11. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2019	187.313.002	83.895.852	271.208.854
Fært inn með samruna	0	115.404.985	115.404.985
Eignfært á tímabilinu	0	35.663.608	35.663.608
Heildarverð 30.6.2019	<u>187.313.002</u>	<u>234.964.445</u>	<u>422.277.447</u>
Niðurfært 1.1.2019	37.329.064	20.457.432	57.786.496
Niðurfært á tímabilinu	9.637.323	26.815.271	36.452.594
Niðurfært 30.6.2019	<u>46.966.387</u>	<u>47.272.703</u>	<u>94.239.090</u>
Bókfært verð 1.1.2019	224.642.066	63.438.420	213.422.358
Bókfært verð 30.6.2019	<u>140.346.615</u>	<u>187.691.742</u>	<u>328.038.357</u>
Niðurfærsluhlutfall	10,0%	20,0%	

Skýringar, frh.:

11. Óefnislegar eignir, frh.:

Viðskiptavild félagsins myndaðist annars vegar við samruna félagsins við ARK Technology ehf. á árinu 2017 og hins vegar kaupa á meginhluta af rekstri, aðstöðu og tækjabúnaði Datadrive ehf.

Þróunarkostnaður vegna hugbúnaðar að fjárhæð 115,4 millj. kr. var færður inn með samruna við Stika ehf. samrunin miðaðist við 1.1.2019.

Síðustu árin hefur samstæðan unnið að þróun á hugbúnaðar og hefur stærsti hluti kostnaður vegna þróunarverkefna sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstarkostnaði hefur verið gjaldfærður í rekstrarreikningi. Til samræmis hafa viðeigandi styrkir verið tekjufærðir á meðal annarra tekna í rekstrarreikning. Á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2019 nemur eignfærður þróunarkostnaður hugbúnaðar 35,7 millj. kr.

12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tölvubúnaður
Heildarverð 1.1.2019	3.346.859
Heildarverð 30.6.2019	<u>3.346.859</u>
Afskriftir 1.1.2019	1.004.058
Afskrifað á tímabilinu	342.801
Afskrifað 30.6.2019	<u>1.346.859</u>
Bókfært verð 30.6.2019	2.000.000
Afskriftarhlutfall	20,0%

13. Skatteign

Skatteign félagsins samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

	Samstæða	Samstæða
	30.6.2018	31.12.2018
Skatteign 1.1.	0	0
Fært inn með samruna	<u>21.320.520</u>	<u>0</u>
Skatteign 30.6.2018	<u>21.320.520</u>	<u>0</u>

Skatteign skiptist þannig:

Óefnislegar eignir	7.985.830	3.290.883
Rekstarfjármunir	(80.000)	(80.000)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	83.443.970	64.820.231
Skatteign samtals	<u>91.349.800</u>	<u>68.031.114</u>
Niðurfærsla vegna óvissu um nýtingu á yfirfæranlegu tapi	(70.029.280)	(68.031.114)
Skatteign samtals skv. efnahagsreikningi	<u>21.320.520</u>	<u>0</u>

Skýringar, frh.:

14. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	30.6.2019	31.12.2018
Sérstök skattaívilnun vegna þróunarverkefna	91.896.695	46.717.521
Aðrar skammtímakröfur	2.153.735	2.455.129
Aðrar skammtímakröfur samtals	<u>94.050.430</u>	<u>49.172.650</u>

Áætluð endurgreiðsla á 45,7 millj. kr. vegna skattaívilnunar sem tilheyrir árinu 2018 verður greitt í nóvember 2019 og áætluð endurgreiðsla vegna 2019 verði greidd á síðari hluta ársins 2020.

15. Eigið fé

Hlutfé félagsins í lok tímabils er 133,4 millj. kr. að nafnverði þar af eru 7,9 millj. kr. sem munu verða tilkynntar til hlutafélagaskrá samhliða staðfestingu hluthafafunda um samruna félagsins og Stika ehf.

Í júnílok skiptast hlutir félagsins í A og B hluti. Í A hlutaflokki eru útgefnir 50,0 millj. hlutir, hver hlutur í A flokki er að fjárhæð ein króna að nafnverði og eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutfjár. Í B hlutaflokki eru útgefnir 75,5 millj. hlutir og 7,9 millj. hluta verða gefnir út við formlega staðfestingu á samruna félagsins við Stiku ehf., hlutir í B flokki hafa ekki atkvæðisrétt en að öðru leyti eru hafa flokkarnir sömu réttindi.

16. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Bundið eigið fé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2019	116.500.000	228.567.473	55.673.226	(149.722.933)	251.017.766
Fært inn með samruna ...	7.891.378	48.744.648	61.734.644	0	118.370.670
Innborgað hlutfé	9.000.000	126.000.000			135.000.000
Þróunarkostnaður			22.047.438	(22.047.438)	0
Tap tímabilsins				(32.674.261)	(32.674.261)
Eigið fé 30.6.2019	<u>133.391.378</u>	<u>403.312.121</u>	<u>139.455.308</u>	<u>(204.444.632)</u>	<u>471.714.175</u>

Á hluthafafundi félagsins þann 22. nóvember 2016, var samþykkt heimild til stjórnar um að hækka hlutfé félagsins vegna útgáfu kaupréttar til starfsmanna félagsins. Samkvæmt samþykktinni var hækkunin að fjárhæð allt að 240.000 kr. og í B-flokki hlutabréfa. Með útgáfu jöfnunarhlutabréfa hækkaði þessi heimild í 6.000.000 kr. Á stjórnarfundi þann 23. nóvember 2016, var kaupréttaráætlun fyrir félagið samþykkt af stjórn félagsins.

Þann 2. desember 2016 var ríkisskattstjóra sent erindi með beiðni um staðfestingu á kaupréttaráætlun félagsins, í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 7. apríl 2017 var kaupréttaráætlun félagsins staðfest.

16. Yfirlit um eiginfjárreikninga, frh.:

Félagið hefur í lok ársins gefið út kaupréttarsamninga til starfsmanna að nafnverði 3.640.000 kr. Samkvæmt samningum þá ávinnst kauprétturinn í jöfnum hlutföllum á 4 árum. Samningur fellur úr gildi átta árum frá útgáfudegi. Um kaupréttaráætlun og kaupréttarsamninga félagsins gilda almennar reglur um slíka samninga sem fást viðurkenndir af Ríkisskattstjóra, meðal annars að samningar bjóðast öllum starfsmönnum og hámark innlausnar er 600.000 kr. á ári.

Samkvæmt lögum nr. 73/2016 um ársreikninga ber félögum að færa þá fjárhæð sem nemur eignfærðum þróunarkostnaði á bundinn reikning á meðal eigin fjár.

Skýringar, frh.:

17. Tengdir aðilar

Stjórnarmenn, hluthafar, dótturfélög, félög í meirihlutaeigu hluthafa og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins. Langtímaskuldir og skammtímakröfur móðurfélagsins við tengda aðila sundurliðast þannig í lok ársins:

	Kröfur	Skuldir
Klappir ehf. (tengdur aðili eins hluthafa)	0	65.000.000

18. Önnur mál

Á árunum 2017-2018 vann samstæðan að rannsókn og þróun á hugbúnaði. Stærstur hluti kostnaðar vegna verkefnisins sem samanstendur að mestu leyti af launakostnaði hefur verið gjaldfærður í rekstrareikningi. Samstæðan fékk á árinu 2017 staðfestingu frá Rannís þess efnis að rannsóknar og þróunarverkefnið hafi verið samþykkt á grundvelli laga nr. 152/2009. Með staðfestingunni öðlaðist félagið rétt á sérstakri endurgreiðslu byggt á beinum kostnaði við verkefnið. Samstæðan mun sækja um endurgreiðsluna í tengslum við skattskil félagsins vegna áráanna 2018 og 2019. Áætluð endurgreiðsla kostnaðar vegna verkefnanna á árinu 2018 nemur 55,7 millj. kr. og hefur verið tekjufærð meðal annarra tekna í rekstarreikning. Á tímabilinu 1. janúar 2018 til 30. júní 2019 hefur félagið sömuleiðis tekjufært 36,0 millj. kr. sem áætlað er að komi til greiðslu á árinu 2020. Sömu fjárhæðir eru færðar til eignar á meðal annarra skammtímakrafna í efnahagsreikningi 31. desember 2018 og 30. júní 2019.

19. Dótturfélög

	Eignarhluti	Afkoma tímabilsins	Eigið fé
Datadrive ehf., Reykjavík	100,0%	2.184.481	9.794.838
Heilsumat ehf., Reykjavík	100,0%	2.667.151	3.167.151
Klappir International Ltd., Bretland	100,0% (9.540.000) (4.192.991)
Klappir Lithuania UAB, Litáen	51,0% (2.308.000) (9.540.000)

Skýringar, frh.:

20. Samruni

Klappir Grænar Lausnir hf. sameinaðist Stika ehf. miðað við 1. janúar 2019. Samkomulag um samrunann var gert í maí 2019 og samrunaáætlun samþykkt en formleg staðfesting hefur ekki verið lokið. Áhrif samrunans voru eftirfarandi:

	Klappir Grænar Lausnir hf. Móðurfélag 31.12.2018	Stiki ehf. 31.12.2018	Samruna- færslur 1.1.2019	Klappir Grænar Lausnir hf. sameinað 1.1.2019
Eignir				
Viðskiptavild	143.233.508			143.233.508
Hugbúnaður	66.873.226			66.873.226
Þróunarkostnaður		69.993.597	45.411.388	115.404.985
Rekstrarfjármunir	2.800.000			2.800.000
Eignarhlutar í öðrum félögum	12.348.536			12.348.536
Reiknuð skatteign		30.402.798	(9.082.278)	21.320.520
Fastafjármunir samtals	<u>225.255.270</u>	<u>100.396.395</u>	<u>36.329.110</u>	<u>361.980.775</u>
Viðskiptakröfur	65.970.918	4.614.454		70.585.372
Kröfur á tengda aðila	7.399.970	0		7.399.970
Aðrar skammtímakröfur	46.867.115	10.203		46.877.318
Handbært fé	2.432.924	0		2.432.924
Veltufjármunir samtals	<u>122.670.927</u>	<u>4.624.657</u>	<u>0</u>	<u>127.295.584</u>
Eignir samtals	<u>347.926.197</u>	<u>105.021.052</u>	<u>36.329.110</u>	<u>489.276.359</u>
Eigið fé				
Hlutfé	116.500.000	13.012.897	(5.121.519)	124.391.378
Yfirverðsreikningur hlutfjár	228.567.475	7.294.019	41.450.629	277.312.123
Lögbundinn varasjóður	0	812.668		812.668
Eignfærður þróunarkostnaður	0	60.921.976		60.921.976
Óráðstafað eigið fé	(92.169.955)	0		(92.169.955)
Eigið fé samtals	<u>252.897.520</u>	<u>82.041.560</u>	<u>36.329.110</u>	<u>371.268.190</u>
Skuldir og skuldbindingar				
Skuldir við lánastofnanir	15.000.000			15.000.000
Skuldir við tengda aðila	50.000.000			50.000.000
	<u>65.000.000</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>65.000.000</u>
Skuldir við lánastofnanir	0	3.708.031		3.708.031
Skuldir við tengda aðila	4.155.184	8.129.333		12.284.517
Viðskiptaskuldir	3.886.318	1.882.636		5.768.954
Aðrar skammtímaskuldir	21.987.175	9.259.492		31.246.667
Skammtímask. samtals	<u>30.028.677</u>	<u>22.979.492</u>	<u>0</u>	<u>53.008.169</u>
	<u>95.028.677</u>	<u>22.979.492</u>	<u>0</u>	<u>118.008.169</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>347.926.197</u>	<u>105.021.052</u>	<u>36.329.110</u>	<u>489.276.359</u>
Eiginfjárhlutfall	72,69%	78,12%	100,00%	75,88%